



Til foreldra og nemenda

## FRÉTTABRÉF SÝÐUSKÓLA

Skólaárið 2016-2017 01.03. 2017 8. bréf

Kæru nemendur og foreldrar!

Nú er næsta lota hafin, marsmánuður framundan með nýjum og spennandi verkefnum í skólanum. Árshátíðin gekk ljómandi vel og getum við verið stolt af okkar hæfileikaríka fólki.

Við höfum fengið úthlutað útivistardegi í Hlíðarfjalli en það er fimmtudagurinn 16. mars. Við vonum svo sannarlega að veðrið verði okkur hliðhollt þennan dag og blessuð sólin vermi okkur, það er óskaplega ljúft að sjá hana rísa dag frá degi. Nauðsynlegt er að fylgjast með fréttum á heimasíðunni en við munum setja inn á hana ef breytingar verða.

Í þessum mánuði eða þann 13. mars hefst 100 miða leikurinn. Það er leikur sem felst í því að á hverjum degi í 10 daga geta nemendur fengið sérstaka hrósmiða sem þeir fara með til ritara. Þar draga þeir númer og setja miðann á spjald sem búið er að númera. Áður en leikurinn hefst er búið að ákveða röðina sem vinnur og þeir sem lenda í henni fá umbun í lok leiksins.

Þann 21. mars koma svo í heimsókn til okkar kennarar frá Noregi, Ítalíu, Rúmeníu og Póllandi. Þetta er hópur sem er í Erasmus verkefni með okkur. Alltaf gaman að fá góða gesti.

Þann 29. mars fer fram Norðurlandsriðillinn í Skólahreysti. Á síðasta ári náðum við þeim frábæra árangri að komast suður í Höllina og vinna til verðlauna, annað sætið var okkar. Það er spurning hvað við gerum núna!

Með kærri kveðju úr skólanum!

Ólöf Inga

### Á döfinni í mars:

7. - 10. mars	Samræmd próf í 9. og 10. bekk
16. mars	Útivistardagur (gæti breyst vegna veðurs)
20. mars	Skipulagsdagur
21. - 24. mars	Kennarar í Erasmus verkefni í heimsókn
13. - 27. mars	100 miða leikur
22. mars	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar á sal
29. mars	Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar í MA



Mars er tileinkaður

### Virðingu

Regla mánaðarins er

„Við fylgjum fyrirmælum starfsmanna“

## Árshátíð Síðuskóla 2017

Árshátíð Síðuskóla var haldin dagana 9. og 10. febrúar sl. og gekk mjög vel. Undirbúningur og æfingar höfðu staðið vikum saman og atriðin hjá bekkjunum voru glæsileg.

Sýnt var sex sinnum og hér að neðan má sjá myndir frá sýningunum.



## Skemmtilegt þróunarverkefni í Síðuskóla

Í haust fór af stað skemmtilegt samstarfsverkefni við Tónlistarskólann á Akureyri. Sú hugmynd kviknaði síðasta vetur að fá kennara frá Tónlistarskólanum til að koma í skólann til að kenna nemendum íslensk sönglög sem fylgt hafa þjóðinni í gegnum tíðina, við undirleik. Úr varð að Ívar Helgason, söngkennari í Tónlistarskólanum, tók verkefnið að sér og hefur komið í hverri viku og sungið með yngsta stiginu og spilað undir á gítar. Verkefnið hefur mælst mjög vel fyrir og verður útfært í öðrum skólum bæjarins næsta vetur. Hér að neðan má sjá myndir af því þegar Ívar syngur með 3. bekk.



## Símalausar vikur í Síðuskóla

Dagana 13. - 24. febrúar nk. voru símalausar frímínútur hjá 7. - 10. bekk í skólanum. Þetta var hugmynd sem kom frá nemendum sjálfum og nemendaráð útfærði í samráði við Helgu Dögg kennara, núna í janúar.

Framkvæmdin var þannig að í 9:20-9:45 frímínúturnum var áherslan á tækjalaus samskipti nemenda í gegnum leiki, skák, íþróttir, spjall, spil og fleira. Bekkirnir tóku ábyrgð á afþreyingunni á ákveðnum svæðum, 7. og 8. bekkur tóku ábyrgð á íþróttasalnum, 9. bekkur sá um matsalinn og 10. bekkur um B ganginn.

Nemendur höfðu hitt íþróttakennara sem hjálpuðu til að skipuleggja dagskrá fyrir alla dagana, þ.e. hvað var í boði en það var breytilegt eftir. Í matsalnum var boðið upp á spil og spjall og var fjölbreytt úrval af spilum sem nemendur höfðu aðgang að. Á B-gangi var boðið upp á að lesa og inn í stofu 26 var boðið upp á skák. Enginn var neyddur til að taka þátt og þeir sem kusu frekar að vera í sínum tækjum gátu gert það í stofu 25. Verkefni heppnaðist vel, afþreyingunni var vel tekið og nýttu margir sér það að geta spjallað án truflunar snjalltækja í frímínútum. Í næstu viku verður farið í bekkina þar sem umræður munu eiga sér stað um hvernig til tókst og hvort ekki ástæða er til að endurtaka leikinn fljótlega aftur. Eitt af því sem rætt var áður verkefnið fór af stað voru þær reglur sem gilda í skólanum um síma og önnur snjalltæki. Þær voru rifjaðar upp með nemendum og má sjá á næstu síðu.



# Samkomulag um farsíma-og snjalltækjanotkun í Síðuskóla skólaárið 2016-2017

## 1.-7. bekkur

- ⇒ Ef foreldrar telja *nauðsynlegt* að nemendur komi með tækin í skólann þá eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á þeim þar til skólatíma lýkur.
- ⇒ Í einstaka tilfellum geta kennarar gefið leyfi fyrir notkun tækja/síma t.d. ef vinna á sérstakt verkefni þar sem nemendur þurfa að nota símann/tækið.
- ⇒ Þegar ekki er farið eftir þessum reglum þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra. *Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til stjórnanda. Stjórnandi hefur samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.*

# Samkomulag um farsíma-og snjalltækjanotkun í Síðuskóla skólaárið 2016-2017

## 8.-10. bekkur

- ⇒ Við erum sammála um að það megi koma með farsíma og snjalltæki í skólann en í kennslustundum eiga þau að vera ofan í tösku og slökkt á þeim, bæði hljóði og titringi. Kennari getur gefið leyfi ef nota á tækin í tengslum við námið.
- ⇒ Nemendur bera sjálfir ábyrgð á tækjum í persónulegri eigu sem þeir koma með í skólann.
- ⇒ Við erum sammála um að í matsal (í matartíma) eru símar og snjalltæki ekki í notkun og ekki uppi á borði.
- ⇒ Við erum sammála um að símar og snjalltæki er hægt að nota til afþreyingar í frí- mínútum og eftir matartíma einungis á B-gangi.
- ⇒ Það er með öllu óheimilt að taka upp hljóð, myndir eða myndbönd á tækin nema með leyfi starfsmanns.
- ⇒ Við erum sammála um að þegar ekki er farið eftir þessu samkomulagi þá afhendir nemandi starfsmanni skólans tækið. Nemandi getur sótt það á skrifstofu skólans að loknum skóladegi. Atvikið skal skrá í Mentor og senda tilkynningu á foreldra.
- ⇒ *Ef nemandi neitar að afhenda tækið er honum vísað til stjórnanda. Stjórnandi hefur þá samband heim og óskar eftir því að foreldri komi í skólann og sæki tækið.*

# MATSEÐILL - mars 2017

Mánudagur	Þriðjudagur	Miðvikudagur	Fimmtudagur	Föstudagur
		Vetrarfrí	Vetrarfrí	Vetrarfrí
6. Fiskibollur, kartöflur, lauksmjör, ávextir	7. Kjötsúpa	8. Píta m. hakki, grænmeti, sósa	9. Fiskibuff, kartöflur, grænmeti, st. laukur, ávextir	10. Gúllas m. kartöflumús, grænmeti
13. Plokkfiskur, rúgbrauð.	14. Lasagna, snittu- brauð, grænmeti	15. Hamborgarar, grænmeti, sósa  <b>Val nemenda</b>	16. Súpa, brauð, ávextir.	17. Mjólkurgrautur, slátur, smurt brauð
20. <b>Skipulagsdagur</b>	21. Heilhveitisteiktur fiskur, kartöflur, sveppir, laukur í ostasósu	22. Lambasnitzel, st. kartöflur, rauðkál, gr. baunir, st. laukur	23. Fiskibollur, kartöflur, hrísgrjón, karrýsósa, ávextir	24. Skyr, smurt brauð, salatbar
27. Soðinn fiskur, kartöflur, rófur, ávextir	28. Hakkað buff, kartöflur, gr. baunir, lauksósa	29. Ostafylltar fiskisteikur, kartöflur, ferskt grænmeti, sósa	30. Kjúklingur, maís- baunir, hrísgrjón, sósa	31. Súpa, smurt brauð, ávextir